

# KJARASAMNINGUR

FÉLAGS SKIPSTJÓRNARMANNA

og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

um kaup og kjör skipstjórnamanna  
Landhelgisgæslu Íslands

undirritaður 11. nóvember 2005

Gildistími

frá 1. apríl 2005 til 30. apríl 2008

---

# 1 Kaup

---

## 1.1 Mánaðarkaup

1.1.1 Mánaðarkaup skipstjórnarmanna sem gegna fullu starfi, skal vera samkvæmt neðangreindum tölum frá og með 1. apríl 2005

### Rammi A: 2. og 3. stýrimaður

Lfl.	1. þrep	2. þrep	3. þrep
A01	170.304	175.413	180.675
A02	172.859	178.045	183.386
A03	175.452	180.716	186.137
A04	178.084	183.427	188.930
A05	180.755	186.178	191.763
A06	183.466	188.970	194.639
A07	186.218	191.805	197.559

### Rammi B: 2. og 3. stýrimaður að loknu 4. stigi Stýrimannaskólans

Lfl.	1. þrep	2. þrep	3. þrep
B01	175.452	180.716	186.137
B02	178.084	183.427	188.930
B03	180.755	186.178	191.763
B04	183.466	188.970	194.639
B05	186.218	191.805	197.559
B06	189.011	194.681	200.521
B07	191.846	197.601	203.529

### Rammi C: Yfirstýrimaður

Lfl.	1. þrep	2. þrep	3. þrep
C01	197.645	203.574	209.681
C02	200.610	206.628	212.827
C03	203.619	209.728	216.020
C04	206.673	212.873	219.259
C05	209.773	216.066	222.548
C06	212.920	219.308	225.887
C07	216.114	222.597	229.275

### Rammi D: Skipherra

Lfl.	1. þrep	2. þrep	3. þrep
D01	567.847	576.365	585.010

#### 1.1.1.1 Hækkun launatöflu á samningstímanum

Á samningstímanum hækka laun sem hér segir:

1 janúar 2006	2,50%
1 janúar 2007	2,25%
1 janúar 2008	2,00%

- 1.1.1.2 Föst heildarlaun skipstjórnarmanna í fullu starfi skulu vera samsett af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu og 110 yfirvinnutímum og eru frá sama tíma sem hér segir:

**Rammi A: 2. og 3. stýrimaður**

<b>Lfl.</b>	<b>1. þrep</b>	<b>2. þrep</b>	<b>3. þrep</b>
A01	364.850	375.796	387.070
A02	370.323	381.433	392.876
A03	375.878	387.154	398.769
A04	381.516	392.961	404.750
A05	387.239	398.856	410.822
A06	393.048	404.839	416.984
A07	398.944	410.912	423.239

**Rammi B: 2. og 3. stýrimaður að loknu 4. stigi Stýrimannaskólans**

<b>Lfl.</b>	<b>1. þrep</b>	<b>2. þrep</b>	<b>3. þrep</b>
B01	375.878	387.154	398.769
B02	381.516	392.961	404.750
B03	387.239	398.856	410.822
B04	393.048	404.839	416.984
B05	398.944	410.912	423.239
B06	404.928	417.076	429.588
B07	411.002	423.332	436.032

**Rammi C: Yfirstýrimaður**

<b>Lfl.</b>	<b>1. þrep</b>	<b>2. þrep</b>	<b>3. þrep</b>
C01	423.425	436.128	449.212
C02	429.776	442.669	455.949
C03	436.223	449.310	462.789
C04	442.766	456.049	469.730
C05	449.407	462.889	476.776
C06	456.148	469.832	483.927
C07	462.990	476.880	491.186

**Rammi D: Skipherra**

<b>Lfl.</b>	<b>1. þrep</b>	<b>2. þrep</b>	<b>3. þrep</b>
D01	567.847	576.365	585.010

Launin skulu greidd í 12 mánuði á ári og orlofsfé greiðist því ekki til viðbótar. Skipstjórnarmenn sem taka laun skv. þessari grein fá ekki greidda yfirvinnu eða álagsgreiðslur skv. öðrum greinum samnings þessa, nema það sé sérstaklega tilgreint.

Um almenn vinnuskil skipstjórnarmanna fer skv. kafla 2 og starfslýsingum. Vinnuskil þeirra skulu ekki vera óhófleg miðað við forsendur þessarar greinar. Telji skipstjórnarmaður vinnutíma sinn óhóflegan, getur hann skotið máli sínu til samstarfsnefndar skv. 11. kafla.

Þeir skipstjórnarmenn sem starfa skemur en 12 mánuði fá greiddan mánaðafjölda eða hluta úr mánuði í hlutfalli við starfstíma sinn, orlofsrétt og töku orlofs.

Verði Landhelgisgæslan við ósk skipstjórnarmanns um breytta vinnutilhögun með minni vinnuskyldu en felst í þessari grein, er heimilt að semja við hann um launagreiðslur.

## **1.2 Starfsaldur og launaprep**

- 1.2.1 Hver launaflokkur skiptist í 3 launaprep sem hér segir:
1. prep: byrjunarlaun
  2. prep: eftir 3 ár
  3. prep: eftir 8 ár
- 1.2.2 Aldurshækkunir á kaup skipstjórnarmanna í starfi hjá LHG ákvarðast af fjölda almanaksmánaða í starfi.
- 1.2.3 Starfsaldur við ráðningu ákvarðast af lögskráningardögum skv. sjóferðabók. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið 7 ár. 236 lögskráningardagar jafngilda 1 ári í starfsaldri.

## **1.3 Röðun í launaflokka innan hvers ramma, A, B og C**

- 1.3.1 Starfsmenn raðast í launaflokka innan hvers ramma til viðbótar grunnflokki á eftirfarandi forsendum:
- Starf hjá Landhelgisgæslu í 5 ár, einn launaflokkur
- Starf hjá Landhelgisgæslu í 10 ár, einn launaflokkur
- Starf hjá Landhelgisgæslu í 15 ár, einn launaflokkur
- Sjúkraflutninganámskeið, einn launaflokkur
- Yfirstýrimenn sem hafa lokið námskeiði í stýrðu viðhaldi, einn launaflokkur
- Sigmaður á þyrllu, einn launaflokkur
- Launaflokkshækkun vegna sigmannsstarfs helst í fimm ár eftir að viðkomandi hættir sem sigmaður að því tilskildu að hann standist læknisskoðun og sé tilbúinn til að sinna sigmannsstörfum.*

## **1.4 Útreikningur dagkaups**

- 1.4.1 Dagkaup fyrir hvern virkan starfsdag finnst með því að deila með 21,67 í mánaðarkaup skv. gr. 1.1.1.2.

## **1.5 Útreikningur tímakaups í dagvinnu**

- 1.5.1 Dagvinnutímakaup er reiknað með því að deila með 173,33 í mánaðarkaup skv. gr. 1.1.1.

## **1.6 Útreikningur yfirvinnukaups stýrimanna**

- 1.6.1 Tímakaup í yfirvinnu er 1,0385% af mánaðarkaupi skv. gr. 1.1.1 miðað við þann launaflokk og prep er viðkomandi stýrimaður tekur laun eftir.

## **1.7 Útreikningur stórhátíðarkaups stýrimanna**

- 1.7.1 Tímakaup á frívakt á stórhátíðardögum, sbr. gr. 2.6.3, er 1,375% af mánaðarkaupi skv. gr. 1.1.1 miðað við það launaprep er viðkomandi stýrimaður tekur laun eftir.

## **1.8 Flugpeningar**

- 1.8.1 Greiða skal þeim skipstjórnarmönnum sem fljúga sem skráðir áhafnar meðlimir flugvéla kr. 237,49 fyrir hverja flogna klukkustund og tekur sú greiðsla sömu breytingum og almennt grunnkaup.

## **1.9 Persónuuppbót (desemberuppbót)**

- 1.9.1 Starfsmaður í fullu starfi skal fá greidda persónuuppbót í desember ár hvert sem nemi:

Á árinu 2005 kr. 39.700

Á árinu 2006 kr. 40.700

Á árinu 2007 kr. 41.800

Starfsmaður sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Desemberuppbót er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á desemberuppbót reiknast ekki orlofsfé. Hafi starfsmaðurinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili.

Á sama hátt skal einnig starfsmaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfellt í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda desemberuppbót, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.

**2.1 Fastlaunakerfi**

- 2.1.1 Stýrimenn vinna þá vinnu sem til fellur í samræmi við starfslýsingu viðkomandi stöðu innan ákvæða um vinnu- og hvíldartíma í samningi þessum.
- 2.1.2 Halda skal skrá yfir vinnutíma stýrimanna.

**2.2 Sjóvökur og sjóvökuslit**

- 2.2.1 **Sjóvökur**  
Skylt er að setja sjóvökur þegar landfestar eru leystar. Þetta gildir þó ekki um færslu skips milli bryggja í heimahöfn eða í slipp.
- 2.2.2 **Sjóvökuslit**  
Slíta skal sjóvöku í heimahöfn og setja á hafnarvaktir þegar skip er bundið við bryggju.  
Ekki þarf að slíta sjóvökum utan heimahafnar nema skip sé ekki ferðafært að mati skipherra.

**2.3 Vinnu- og hvíldartímar á skipum LHG – vinnuskylda skipstjórnarmanna.**

- 2.3.1 Vaktskyldan á sjó er innt af hendi með 8 klst. sjóvakt á sólarhring. Á skipum með þremur stýrimönnum skulu sjóvaktir vera þrískiptar nema skipherra telji nauðsyn á að víkja frá því til að tryggja öryggi skipsins. Utan sjóvakta vinna stýrimenn í samræmi við starfslýsingu viðkomandi stöðu. Vinnu sjómælingamanna skal skipuleggja miðað við ársvinnuskyldu.
- 2.3.2 Stýrimenn skulu ávallt vera reiðubúnir að hefja vinnu í upphafi vaktar og yfirgefa ekki varðstöðu nema vegna gildra ástæðna.
- 2.3.3 Fyrir útkall á frívakt er skráð minnst 1 klst. nema reglulegur vinnutími viðkomandi stýrimanns hefjist innan 1 klst. Á tímabilinu 20.00 til 04.00 skal þó skrá 2 klst. fyrir útkall á frívakt nema reglulegur vinnutími viðkomandi stýrimanns hefjist innan 1,5 klst. Líði minna en 1 klst. milli útkalla er skráð óskert vinna þar til vinnu lýkur.
- 2.3.4 Í heimahöfn, þegar skipið er bundið við bryggju, skipta stýrimenn vinnuskyldu á milli sín í samráði við útgerð, einn í senn. Ef stýrimaður, sem ekki gegnir bakvakt er kallaður til vinnu, eru skráðar að lágmarki 4 klst. nema reglulegur vinnutími manns hefjist fyrir.
- 2.3.5 Stýrimanni er óheimilt að standa siglingavakt ef samfelldur vinnutími hans í lok sjóvöku fer yfir 16 tíma án þess að a.m.k. 4 klst. hvíld hafi komið áður. Stýrimenn sem standa vaktir skulu hafa hæfilegan tíma til hvíldar og svefns. Hvíldartími skal vera minnst 10 klst. á hverju 24 klukkustunda tímabili. Hvíldartímanum má skipta í mest tvö tímabil og skal annað þeirra vera a.m.k. 6 klst. Ekki er skylt að hlíta framangreindum kröfum um hvíldartíma í neyðartilfellum eða þegar æfingar standa yfir eða í öðrum undantekningartilvikum. Þrátt fyrir framangreind ákvæði er heimilt að stytta 10

klst. lágmarkstímabilið niður í a.m.k. 6 klst. samfleytt, svo fremi sem slík stytting nái ekki til fleiri en tveggja daga og menn fái a.m.k. 70 klst. hvíldartíma á hverju sjö daga tímabili.

## **2.4 Vinnu- og hvíldartími skipstjórnarmanna í landi (flugvelli, stjórnstöð og sjómælingum)**

2.4.1 Stýrimenn á flugvelli, stjórnstöð og í sjómælingum vinna í samræmi við starfslýsingu viðkomandi stöðu.

2.4.2 Daglegur vinnutími í heimahöfn er 8 klst. á tímabilinu frá kl. 07.00 til 17.00 frá mánudegi til föstudags. Daglegur vinnutími hefst þegar stýrimaður mætir á vinnustað skv. ákvörðun LHG og lýkur þegar hann yfirgefur vinnustað skv. ákvörðun LHG.

2.4.3 Nú hyggst LHG nýta skipstjórnarmenn á stjórnstöð til vaktavinnu. Þá skal LHG tilkynna vaktatöflu með 3 daga fyrirvara og skal hún gilda í að hámarki 15 daga. Næturvaktir skulu almennt ekki vera fleiri en tíðkast skv. vaktaplani á stjórnstöð.

### **2.4.4 Hvíld í flugi**

2.4.4.1 Um vinnutíma og hvíld í flugi fer skv. flugrekstrarhandbók LHG.

2.4.4.2 Heimilt er að víkja frá hvíldarákvæðum þegar um neyðarflug er að ræða.

### **2.4.5 Útköll skipstjórnarmanna í stjórnstöð og á flugvelli**

2.4.5.1 Þegar stýrimaður, sem ekki gegnir bakvakt er kallaður til vinnu eftir lok dagvinnu eða á laugar- og sunnudögum, sérstökum frídögum og stórhátíðardögum, eru skráðar að lágmarki 4 klst. í yfirvinnu nema reglulegur vinnutími viðkomandi manns hefjist fyrir.

### **2.4.6 Bakvakt á flugvelli og stjórnstöð**

2.4.6.1 Með bakvakt er átt við að stýrimaður sé ekki við störf en reiðubúinn að sinna útkalli. Hver klukkustund á bakvakt skráist sem 15 mín. vinnutími. Á stórhátíðardögum reiknast hver klukkustund á bakvakt sem 20 mín. vakttími. Sé stýrimaður á bakvakt kallaður til starfa, ber að skrá þá vinnu sem unnin er, þó aldrei minna er 2 klst. fyrir hvert útkall, nema reglulegur vinnutími hans hefjist fyrir. Bakvaktageiðsla fellur niður þann tíma sem útkall er skráð.

## **2.5 Skipstjórnarmenn sem starfa sem sigmenn í áhöfn þyrilu**

2.5.1 Sigmenn skulu fá greidda mánaðarlega áhættuþóknun kr. 43.000. Fjárhæð áhættuþóknunarinnar tekur breytingum í samræmi við almennar kauphækkningar yfirmanna á varðskipum. Á áhættuþóknunina reiknast launatengd gjöld en ekki orlof.

2.5.2 Sigmaður á þyrilu fær greiddar kr. 1.226,35 fyrir hvern dag á bakvakt.

2.5.3 Sigmaður fær áhættuþóknun frá þeim tíma sem þjálfun hans er lokið og hann hefur störf sem sigmaður. Áhættuþóknunin fellur niður þegar hann hættir störfum sem sigmaður. Fari sigmaður tímabundið til annarra starfa, fellur áhættuþóknunin niður eftir 1 mánuð og hefst aftur þegar sigmaður hefur tekið aftur til starfa. Sigmaður heldur áhættuþóknun meðan á töku orlofs stendur. Um greiðslu áhættuþóknunar í veikindum skulu gilda ákvæði laga nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóma og slysatilfella.

2.5.4 Meðan sigmaður á rétt á áhættuþóknun fær hann að fullu endurgreiddan eðlilegan kostnað vegna líkamsræktar.

## **2.6 Fríðagar**

2.6.1 Almennir fríðagar eru laugardagar og sunnudagar.

2.6.2 Sérstakir fríðagar eru:

- 1 Nýársdagur
- 2 Skírdagur
- 3 Föstudagurinn langi
- 4 Laugardagur fyrir páska
- 5 Páskadagur
- 6 Annar í páskum
- 7 Sumardagurinn fyrsti
8. 1. maí
9. Uppstigningardagur
10. Hvítasunnudagur
11. Annar í hvítasunnu
12. 17. júní
13. Fríðagur verslunarmanna
14. Aðfangadagur eftir kl. 12.00
15. Jóladaur
16. Annar í jólum
17. Gamlársdagur eftir kl. 12.00

2.6.3 Stórhátíðardagar eru:

1. Nýársdagur
2. Föstudagurinn langi
3. Páskadagur
4. Hvítasunnudagur
5. 17. júní
6. Aðfangadagur eftir kl. 12.00
7. Jóladaur
8. Gamlársdagur eftir kl. 12.00

2.6.4 Fyrir hvern laugar- og sunnudag, sérstakan fríðag og stórhátíðardag utan heimahafnar ávinnur skipstjórnarmaður sér 1 fríðag. Þegar skipherra er lögskráður gildir þetta einnig í heimahöfn vegna eftirlitsskyldu þeirra.

2.6.5 Fríðagar þessir skulu veittir á virkum dögum þegar skipstjórnarmaður er afskráður. Þar sem fríðagar afskrifast ekki á milli komudags og næsta brottfarardags skips þegar skipstjórnarmenn eru á frívakt, hefur LHG rétt til að krefjast vinnu í stjórnstöð, á flugvelli eða í sjómælingum eða námskeiðssóknar af þeim félagsmönnum FS sem njóta fleiri fríðaga skv. þessu að því marki sem nánara samkomulag LHG og Félags skipstjórnarmanna kveður á um. Þetta fyrirkomulag á fríðögum gildir frá 1. maí 2005. Þessi réttur LHG nær þó ekki til skipherra vegn eftirlitsskyldu þeirra.

2.6.6 Þegar skipstjórnarmaður er afskráður og fer í frí, koma eingöngu virkir dagar til frádráttar áunnum fríðagarétti hans en ekki þeir laugar- og sunnudagar, sérstakir fríðagar og stórhátíðardagar sem falla á tímabilið.

2.6.7 Ekki er heimilt að veita fríðaga fyrirfram nema yfirmaður óski þess og aðstæður leyfi.



- 2.6.8 Þeir áunnir og óteknir frídagar, sem ekki hafa verið veittir við starfslok eða áramót, skulu greiddir með 1/21,67 mánaðarkaupi sbr. 1.1.1.2. Frídagar greiðast á því kaupi er gildir á greiðsludegi í réttu hlutfalli við þá stöðu eða þær stöður sem skipstjórnarmaður gegndi meðan hann ávann sér frídagana.
- 2.6.9 Sérstakt bókhald skal halda yfir áunna og úttekna frídaga.
- 2.6.10 Á sjóvöktum skulu sunnudagar, sérstakir frídagar og stórhátíðardagar haldnir helgir svo sem venja er til og vinnufyrirkomulag vera skv. því.
- 2.6.11 Þegar varðskip fer í verkefni sem útheimtir lengri útivist en 26 daga án viðkomu í heimahöfn, skulu skipverjar fá 1 aukafrídag fyrir hverja byrjaða 7 daga útiveru umfram 26 daga. Að slíku úthaldi loknu skulu skipverjar fá a.m.k. fjögurra sólahringa frí nema neyðarástand kalli á annað. Ef fjögurra sólahringa fríið næst ekki, skulu framangreindir aukafrídagar ávinnast fyrir hverja byrjaða 7 daga sem úthald varir og allt þar til fjögurra sólahringa fríi í heimahöfn er náð.
- 2.6.12 Vinni skipstjórnarmaður utan heimahafnar á stórhátíðardögum skv. gr. 2.6.3, skal hver unninn stórhátíðardagur bættur aukalega með ½ frídegi. Frídagar þessir skulu auðkenndir sérstaklega á frídagablaði. Skylt er að taka út þessa frídaga og skulu þeir veittir á sama hátt og aðrir frídagar.

### **3 Matsalur, matar- og kaffihlé í heimahöfn**

---

#### **3.1 Matsalur**

- 3.1.1 Um borð í varðskipi skulu skipstjórnarmenn hafa aðgang að matsal þar sem framreiddur skal hollur og góður matur þeim að kostnaðarlausu. Á komu- og brottfarardögum skal matur framreiddur í samræmi við þær venjur sem fylgt hefir verið til þessa.
- 3.1.2 Þegar skipstjórnarmenn vinna um borð í skipi í heimahöfn, skal LHG leggja þeim til kaffi, te og mjólk.

#### **3.2 Matar- og kaffihlé í heimahöfn**

- 3.2.1 Matarhlé er 0,5 klst. á tímabilinu frá kl. 12.00 til kl. 13.00. Matarhlé telst ekki til vinnutíma.
- 3.2.2 Á venjulegum vinnudegi í heimahöfn skulu vera tveir kaffitímar, 20 og 15 mínútur, og teljast þeir til vinnutíma. Heimilt er að stytta eða fella niður kaffihlé. Ef kaffihlé er stytt eða fellt niður, styttist daglegur vinnutími sem því nemur.

## **4 Orlof**

---

### **4.1 Lágmarksorlof**

- 4.1.1 Lágmarksorlof skipstjórnarmanna er 24 virkir dagar miðað við fullt ársstarf hjá LHG, sem samsvarar 10,17% orlofsgreiðslu af öllum launum.
- 4.1.2 Eftir 5 ára þjónustu hjá LHG er orlof 27 virkir dagar, sem samsvarar 11,59% orlofsgreiðslum af öllum launum.
- 4.1.3 Eftir 10 ára þjónustu hjá LHG er orlof 30 virkir dagar, sem samsvarar 13,04% orlofsgreiðslum af öllum launum.
- 4.1.4 Sumarorlofstímabil er frá 1. maí til 15. september. Þegar skipstjórnamaður fer í frí á því tímabili teljast fyrstu almanaksdagar frísins til orlofs uns fullum orlofsrétti er náð. Geti yfirmaður ekki tekið fullt orlof á áðurgreindu tímabili teljast fyrstu frídagar er skipstjórnamaður tekur að loknu tímabilinu til orlofs uns fullu orlofi er náð.

### **4.2 Uppgjör orlofs**

- 4.2.1 Áunnið og ótekið orlof skal gert upp og greitt þegar skipstjórnamaður fer í orlof eða hættir störfum hjá LHG.
- 4.2.2 Orlofsárið er 1. maí til 30. apríl.

### **4.3 Veikindi í orlofi**

- 4.3.1 Veikist skipstjórnamaður hér innanlands í orlofi það alvarlega, að hann fái ekki notið orlofsins, skal hann á fyrsta degi með sannanlegum hætti tilkynna yfirstjórn LHG um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningarskyldunni og standi veikindin samfelt lengur en þrjá sólarhringa, á hann rétt á uppbótarorlofi jafn langan tíma og veikindin sannanlega vöruðu.
- 4.3.2 Ef skipstjórnamaður veikist í orlofi, skal hann ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Telji LHG ástæðu til, getur hún látið lækni vitja skipstjórnamanns sem veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma sem skipstjórnamaður óskar og skal það veitt á tímabilinu 1. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

### **4.4 Orlofsheimilasjóður**

- 4.4.1. Í orlofsheimilasjóð FS greiðir LHG 0,25% af öllum launum þeirra sem samningur þessi tekur til.

### **4.5 Orlofsuppbót**

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:  
Á árinu 2005 kr. 21.800

Á árinu 2006 kr. 22.400  
Á árinu 2007 kr. 23.000

Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfellt starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

#### **4.6 Aukafrí**

##### **4.6.1 Skipherrar**

LHG skal veita þeim skipherrum er þess óska frí án launa í allt að 50 daga á ári. Frí þetta veitist í samráði við LHG, eftir aðstæðum hverju sinni, utan orlofstíma.

##### **4.6.2 Stýrimenn**

LHG skal veita þeim stýrimönnum er þess óska frí án launa í allt að 2 mánuði á ári. Frí þetta veitist í samráði við LHG, eftir aðstæðum hverju sinni, utan orlofstíma.

## **5 Ferðir og gisting**

---

### **5.5 Ferðir og gisting**

- 5.5.1 Kostnaður vegna ferðalaga innanlands á vegum LHG greiðist eftir reikningi enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Sama gildir ef hluti vinnudags er unninn svo langt frá föstum vinnustað að skipstjórnarmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar.
- 5.5.2 Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum sé um það samkomulag eða ekki er unnt að leggja fram reikning. Um upphæð dagpeninga fer skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.
- 5.5.3 Fari skipstjórnarmaður í frí í hérlendri höfn utan Reykjavíkur greiðir LHG fargjald hans með áætlunarferð frá skipinu til Reykjavíkur. Farartækið skal valið í samráði við LHG.
- 5.5.4 Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi enda fylgi ávallt fullnægjandi frumgögn.
- 5.5.5 Annar kostnaður á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum. Um upphæð þeirra fer skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.
- 5.5.6 Af dagpeningum á ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvelli, fæði, húsnæði, minni háttar risnu og hvers konar persónuleg útgjöld.
- 5.5.7 Dagpeningar vegna þjálfunar- og eftirlitsstarfa skulu ákveðnir af ferðakostnaðarnefnd ríkisins.

### **5.6 Ökutækjastyrkur**

- 5.6.1 Greiða skal skipstjórnarmönnum, sem samningur þessi tekur til, kostnað fyrir notkun eigin bifreiðar í þágu LHG samkvæmt framlagningu akstursdagbókar. Við útkall skal miða við 30 km. akstur í hvert skipti. Kostnaður við hvern ekinn km. skal greiddur samkvæmt akstursgjaldi ríkisstarfsmanna. Akstur milli heimilis og vinnustaðar telst ekki í þágu vinnuveitanda nema um útkall sé að ræða.

## **6 Aðbúnaður og hollustuhættir**

---

### **6.1 Aðbúnaður til sjós**

- 6.1.1 Þar sem því verður við komið skal vera legubekkur af viðurkenndri gerð og stærð í herbergi skipstjórnarmanna. Skal leitast við að koma honum svo fyrir, að hann komi sem mest þvert á hvíluna í herberginu.
- 6.1.2 Í nýjum skipum skal vera sérstakt baðherbergi til afnota fyrir yfirmenn skipsins, sjófatageymsla yfirmanna, svo og sérstakur klefi, sem yfirmenn geta notað sem skrifstofu og til geymslu skipsskjala, mælitækja, teikninga og annarra muna er tengjast starfi viðkomandi yfirmanns.

### **6.2 Íbúðir skipstjórnarmanna**

- 6.2.1 Íbúðum skipstjórnarmanna skal haldið í góðri umhirðu.
- 6.2.2 Útgerðin leggur til rúmfatnað og handklæði og sér um þvotta á því.

### **6.3 Aðbúnaður í landi**

- 6.3.1 Fari skipstjórnarmaður til starfa í landi, gilda um vinnustað hans lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## 7 Atvinnuslysatryggingar

---

### 7.1 Slysatryggingar

- 7.1.1 LHG skal tryggja þann mann, sem samningur þessi tekur til, sbr. þó gr. 7.3.1, í samræmi við ákvæði 172. gr. sjómannalaga nr. 34 1985.
- 7.1.2 Gilda skulu almennir skilmálar, eins og þeir eru á hverjum tíma fyrir örorku- og dánarbótatryggingum hjá Sambandi ísl. tryggingafélaga.
- 7.1.3 Trygging gegn slysaðauða og/eða varanlegri slysaörorku, gildir meðan skipstjórnarmaður er skráður á skipið, svo og ef hann er á kaupi hjá LHG, vegna slyss eða veikinda. Jafnframt gildir tryggingin fyrir fastráðinn yfirmann á meðan hann er í fríi vegna orlofs eða áunninna frídaga. Tryggingin tekur ekki til slysa, sem skipstjórnarmaður kann að verða fyrir við störf í þágu annarra en LHG, hvort sem greiðsla er innt af hendi fyrir þau störf eða ekki. Þá tekur tryggingin ekki til slysa, er skipstjórnarmaður verður fyrir við arðbæra vinnu í eigin þágu.
- 7.1.4 Dánarbætur greiðast í samræmi við ofangreind lög en örorkubætur hinum slasaða sjálfum.
- 7.1.5 Trygging þessi skerðir ekki rétt skipstjórnarmanna til greiðslu úr lífeyrissjóði.
- 7.1.6 Tryggingarfé samkvæmt þessum lið skal koma til frádráttar slysa- eða dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.
- 7.1.7 Auk dánarbóta skv. 1. tl. a) og b) liðum 172. gr. laga nr. 34/1985 skal trygging sem LHG er skylt að kaupa, greiða til dánarbús hins látna helming dánarbóta skv. a) lið, ef hann lætur hvorki eftir sig maka eða börn.
- 7.1.8 Slysatryggingabætur skv. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 taki eftirfarandi aukahækkun frá 1. júlí 1989 að telja:  
Dánarbætur hækki um 10% og örorkubætur um 20%.

### 7.2 Líftrygging

- 7.2.1 LHG líftryggir hvern þann skipstjórnarmann sem starfar skv. samningi þessum. Líftryggingarfjárhæðin skal vera kr. 2.811.800 frá og með apríl 2005 [2. ársfjórðungi] og breytast síðan ársfjórðungslega í sama mæli og dánarbætur skv. a.- lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. laga nr. 34/1985. Líftrygging þessi greiðist ekki ef hinn tryggði deyr af völdum slyss.
- 7.2.2 Láti hinn tryggði ekki eftir sig maka eða börn skal þó aðeins greiða helming tryggingarupphæðarinnar til dánarbús hins látna. Með maka er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu sbr. 44. gr. laga um almannatryggingar.
- 7.2.3 Fyrrgreind fjárhæð lækkar um 4% fyrir hvert aldursár eftir að hinn tryggði nær 50 ára aldri og fellur niður eftir að hann nær 70 ára aldri.
- 7.2.4 Um ofangreinda tryggingu gilda eftir því sem við á að öðru leyti, skilmálar líftryggingafélaganna fyrir hóplíftryggingar. Tryggingin gildir frá þeim degi að maður kemur til starfa hjá LHG og gildir til þess dags er hann hættir störfum.

### **7.3 Tryggingar í flugi**

- 7.3.1 Þegar skipstjórnarmaður starfar á flugvél LHG skal slysatrygging hans vera samsvarandi slysatryggingu flugliða.

### **7.4 Eigin áhætta ríkissjóðs**

- 7.4.1 Um kaup LHG á vátryggingum öðrum en þeim sem lögbundnar eru fer skv. reglugerð nr. 33/1988.

### **7.5 Eignamissir**

- 7.5.1 Missi skipstjórnarmaður eignir sínar sem hann hefur um borð í skipi, við skipsbrot, eldsvoða, sjóskaða eða á annan hátt, þá greiðir útgerðin honum skaðabætur, skv. gildandi reglugerð nr. 225/1999. Skemmist nokkur hluti eigna skipstjórnarmanns af fyrrgreindum ástæðum, þá greiðist honum skaðabætur eftir mati óvilhallra manna, náist ekki samkomulag um bætur.



## **8 Fatnaður**

---

### **8.1 Einkennisföt**

- 8.1.1 Við störf sín skulu skipstjórnarmenn klæðast einkennisfötum skv. ákvörðun LHG.
- 8.1.2 LHG leggur skipstjórnarmönnum sínum til fatabeiðni til kaupa á einkennis- og vinnufötum skv. reglugerð um einkennisfatnað. Fatabeiðni þessi skal að lágmarki nema andvirði einna einkennisfata á ári og einkennisfrakka annað hvert ár.
- 8.1.3 Afleysingamenn fái ein vinnuföt, þ.e. buxur, skyrtu og peysu, þegar þeir hefja störf hjá LHG. Hætti skipstjórnarmaður áður en 6 mánuðir eru liðnir frá síðustu fataúthlutun, má endurkrefja hann um fjárhæð er samsvarar 1/2 verði úthlutunarinnar. Fjárhæð þessi komi til frádráttar síðustu útborgunar.
- 8.1.4 Skipstjórnarmenn, sem samningur þessi tekur til, fá endurgjaldslaust hreinsun á einkennisfatnaði þrisvar sinnum á ári. Til einkennisfatnaðar í þessum skilningi teljast jakkaföt, skyrtur, hálstau, húfa og frakki.

## **9 Afleysingar**

---

### **9.1 Staðgenglar**

## **10 Fræðslumál**

---

### **10.1 Starfsþjálfun á vegum stofnana**

10.1.1 Landhelgisgæslan greiðir allan kostnað skipstjórnarmanna við þá endur- og símenntun sem miðar að því að viðhalda nýjustu þekkingu og tækni vegna starfsréttinda þeirra og hæfni. Slík menntun skal afráðin í samráði LHG og skipstjórnarmanna.

### **10.1 Frekara skipstjórnarnám eða annað nám**

10.1.2 Ákveði Landhelgisgæslan að greiða skipstjórnarmönnum laun á meðan þeir afla sér frekari réttinda skal hún semja við viðkomandi starfsmenn um hvaða launafjárhæðir í samningi þessum skuli miða við. Sama á við um annað nám af svipuðum toga.

## **11 Samstarfsnefndir**

---

### **11.1 Samstarfsnefnd**

- 11.1.1 Aðilar sammings þessa skulu hvor um sig tilnefna 2 menn í samstarfsnefnd, sem fjalli um ágreiningsmál sem rísa kunna út af samningi þessum. Nefndin skal reyna eftir föngum að ná sáttum í þeim málum, sem hún fær til meðferðar.
- 11.1.2 Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana saman.

## **12 Laun í veikinda- og slysatilvikum**

---

### **12.1 Fastráðinn skipstjórnarmaður**

- 12.1.1 Slasist eða veikist fastráðinn skipstjórnarmaður ber honum mánaðarkaup skv. gr. 1.1.1.2 í allt að 5 mánuði þó aldrei fleiri daga en hann hefur starfað sem yfirmaður í þjónustu LHG.
- 12.1.2 Eftir 5 ára starf hjá LHG sem skipstjórnarmaður ber honum mánaðarkaup skv. gr. 1.1.1.2 í 6 mánuði.
- 12.1.3 Eftir 10 ára starf hjá LHG sem skipstjórnarmaður ber honum mánaðarkaup skv. gr. 1.1.1.2 í 10 mánuði.
- 12.1.4 Eftir 15 ára starf hjá LHG sem skipstjórnarmaður ber honum mánaðarkaup skv. gr. 1.1.1.2 í 12 mánuði.
- 12.1.5 Skipstjórnarmaður á ekki rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur, vegna sjúkdóma eða meiðsla, sem hann hefur þagað svíksamlega yfir við ráðningu sína. Sama gildir ef hann er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.
- 12.1.6 Um greiðslu launa í veikindum vísast að öðru leyti til 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.
- 12.1.7 Stýrimenn eigi rétt á að verja allt að 10 virkum dögum á hverju 12 mánaða tímabili á mánaðarkaupi, til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki viðkomið.

### **12.2 Styrktar- og sjúkrasjóður**

- 12.2.1 LHG greiðir í styrktar- og sjúkrasjóð FS 0,3% af öllum launum þeirra sem samningur þessi tekur til.

## 13 Tilhögun fæðingarorlofs

---

### 13.1 Gildissvið

13.1.1 Kaffli þessi tekur til foreldris sem er í a.m.k. 25% starfi og starfað hefur í samfelld 6 mánuði fyrir fæðingu barns síns hjá hlutaðeigandi launagreiðanda og er með gilda ráðningu við upphaf orlofsins.

### 13.2 Réttarstaða starfsmanna í fæðingarorlofi

13.2.1 Um uppsöfnun og vernd réttinda í fæðingarorlofi fer skv. 14. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.

13.2.2 Starfsmaður sem hefur töku fæðingarorlofs, telst skv. framangreindu vera leystur undan vinnuskyldu á meðan á fæðingarorlofi hans stendur, sbr. 29. gr. framangreindra laga.

13.2.3 Starfsmaður sem er í fæðingarorlofi nýtur réttinda til greiðslu sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbótar.

## **14 Lögjaldagreiðslur og félagsgjöld**

---

### **14.1 Lífeyrissjóður**

14.1.1 Um lífeyrissjóðsaðild og lífeyrissjóðsréttindi fer skv. reglum viðkomandi lífeyrissjóða.

14.1.2 Mótframlag atvinnurekanda skal vera 7,5% frá 1. janúar 2005, 9,5% frá 1. janúar 2006 og 11,5% frá 1. janúar 2007. Mótframlag þetta byggir á þeim forsendum að ekki verði breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og að ef tryggingastærðfræðilegar forsendur leiða til breytingar á mótframlagi hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá breytist mótframlag samkvæmt þessari grein á sama hátt.

### **14.2 Viðbótarframlög til lífeyrissparnaðar**

14.2.1 Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir vinnuveitandi framlag á móti allt að 2% gegn a.m.k. 2% framlagi starfsmanns.

Frá 1. janúar 2005 fellur niður skylda til að greiða 1% fast í séreignarsjóð óháð framlagi starfsmanns.

## **15 Launaseðill, félagsgjöld og launatöflur**

---

### **15.1 Útborgun launa**

15.1.1 Mánaðarkaup greiðist eftir á fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Allar aukagreiðslur skal greiða eftirá fyrir hvern mánuð eða hverja 30 daga og komi til útborgunar eigi síðar en 15 dögum eftir síðasta dag reikningstímabils.

### **15.2 Félagsgjöld**

15.2.1 LHG tekur að sér að halda eftir af kaupi hvers skipstjórnarmanns félagsgjaldi hans til FS, ef þess er krafist af hálfu félagsins, en það ber ábyrgð á því að gjöldin séu rétt krafín.

### **15.3 Símakostnaður**

15.3.1 Skipstjórnarmenn verða ekki krafínir um greiðslu vegna notkunar áhafnarsíma um borð í skipi enda sé um kostnað vegna notkunar við heimili þeirra að ræða. LHG setur viðmið um eðlilegan kostnað vegna sambands við heimili í samráði við FS.



## **16 Félagsmálefni**

---

### **16.1 Gildissvið samningsins**

16.1.1 Samningur þessi tekur til skipherra og stýrimanna sem starfa hjá LHG um borð í varðskipum, við sjómælingar, í landi í stjórnstöð og á flugvelli.

### **16.2 Forgangsréttur til starfa**

16.2.1 Félagar í FS, hafa forgangsrétt til starfa á skipum LHG. Á sama hátt gengur LHG fyrir öðrum vinnuveitendum þegar skortur er á skipstjórnarmönnum til starfa.

### **16.3 Mönnun varðskipa**

16.3.1 Um fjölda skipstjórnarmanna fer skv. lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna nr. 112/1984 sbr. lög nr. 92/1991 og lög nr. 62/1995.

### **16.4 Heimahöfn**

16.4.1 Heimahöfn varðskipa er Reykjavík.

## **17 Skráning, starfsskyldur og uppsagnarfrestur**

---

### **17.1 Skráning í skipsrúm og afskráning**

17.1.1 Um lögskráningu skipverja fer skv. lögum um lögskráningu sjómanna. Ekki skal lögskrá manna eða afskrá án samráðs við hlutaðeigandi yfirmann.

### **17.2 Færsla á milli starfa og/eða vinnustaða**

17.2.1 Tilkynna skal skipstjórnarmanni um færslu milli starfa og/eða færslu milli vinnustaða með minnst 48 klst. fyrirvara.

### **17.3 Starfsskyldur**

17.3.1 Um réttindi og skyldur skipstjórnarmanna fer skv. lögum nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

17.3.2 Um skipsstörfin fer skv. III. kafla sjómannaálagi nr. 35/1985. Um störf skipstjórnarmanna í landi fer skv. ákvörðun LHG.

### **17.4 Starfslok**

#### **17.4.1 Uppsögn**

Sé skipstjórnarmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfelldu starfi hjá sama fyrirtæki, er uppsagnarfrestur 4 mánuðir, ef skipstjórnarmaður er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Skipstjórnarmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara.

## 18 Gildistími og samningsforsendur

---

### 18.1 Gildistími

- 18.1.1 Samningur þessi gildir frá 1. apríl 2005 til 30. apríl 2008 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

### 18.2 Samningsforsendur

- 18.2.1 Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja launalið samningsins upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.

Reykjavík, 11. nóvember 2005

F.h. Samninganefndar ríkisins  
með fyrirvara um samþykki  
fjármálaráðherra

*Gunnar Björnsson (sign.)*  
*Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)*  
*Sólmundur Már Jónsson (sign.)*  
*Inga Hanna Guðmundsdóttir (sign.)*

F.h. Félags skipstjórnarmanna  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

*Árni Bjarnason (sign.)*  
*Bjarni Haukur Pálsson (sign.)*  
*Ægir Steinn Sveinþórsson (sign.)*  
*Halldór Gunnlaugsson (sign.)*  
*Auðunn Kristinsson (sign.)*  
*Kristján Þ. Jónsson (sign.)*

## B Ó K A N I R

með kjarasamningi  
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs  
og  
Félags skipstjórnarmanna  
vegna Langhelgigæslu Íslands  
*undirrituðum 11. nóvember 2005*

### Bókun 1

Aðilar eru sammála um að endurskoða þurfi skiptingu björgunarlauna m.t.t. þeirrar breytingar sem er að verða með heildarlaunakerfum starfsmanna Landhelgigæslunnar. Gangi skal frá slíkri endurskoðun við allra fyrstu hentugleika, ekki síðar en innan ársins.

### Bókun 2

Þar sem vinna við gerð samnings þessa hefur dregist úr hömlu vegna utanaðkomandi þátta hafa aðilar orðið sammála um eftirfarandi eingreiðslu.

Greiða skal við fyrstu hentugleika eftir samþykkt samnings þessa sérstaka eingreiðslu að upphæð kr. 100.000 til stýrimanna og kr. 150.000 til skipherra sem hafa verið í fullu starfi hjá Landhelgigæslu Íslands mánuðina september 2004 til og með mars 2005 og eru enn í starfi. Aðrir félagsmenn Félags skipstjórnarmanna sem starfað hafa skemur eða einungis hluta úr starfi fá greitt hlutfallslega.

### Bókun 3

Við breytingar á launakerfum skv. gr. 1.1.1.2 í samningnum er gert ráð fyrir jöfnun vinnutíma skipstjórnarmanna. Það er skilningur aðila að hóflegur vinnutími skv. greininni sé að jafnaði yfir árið u.þ.b. 100 stundir á mánuði utan orlofstíma.

### Bókun 4

Aðilar eru sammála um að komi til þess að vinnutímakafla flugrekstrarhandbókar Landhelgigæslu Íslands verði breytt á samningstímabilinu skulu aðilar taka upp viðræður sín á milli um þann þátt. M.a. verði rætt hvort ástæða er til að fyrri frídagur eftir hverja 7 daga vakt verði tekinn upp aftur.

### Bókun 5

Skipherra í stjórnstöð fær 3 frídaga á mánuði vegna bakvaktarskyldu á samningsbundnum frídögum.

*GB (sign.)*

*ÁB (sign.)*